

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. nóvember 2013 í máli nr. S-263/2012:

Ákærvaldið

(Fanney Björk Frostadóttir fulltrúi)

gegn

Birni Rúnari Guðmundssyni

(Ómar Örn Bjarnþórsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 15. nóvember 2013, höfðaði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu með ákæru 3. apríl 2013 á hendur:

„Birni Rúnari Guðmundssyni, kt. 000000-0000, Klapparbergi 5, Reykjavík, fyrir

I.

líkamsárás, á hendur þáverandi sambýliskonu sinni, A, með því að hafa í neðangreind skipti, á heimili hennar að [...]:

1. Að morgni sunnudagsins 21. nóvember 2010, slegið A nokkur högg í kjálkann og ýtti henni aftur fyrir sig svo hún lenti með bakið á borði, með þeim afleiðingum að hún hlaut skurð og bólgu á vörum og mar á baki og lendahrygg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

2. Laugardaginn 13. ágúst 2011, gripið í handlegg A og slegið hana í andlit og enni, með þeim afleiðingum að A hlaut nefbeinabrot, skurð á nefi og kinnbeini og mar og yfirborðsáverka á hægri handlegg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981 og 111. gr. laga nr. 82/1998.

II.

[...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þá er af hálfu Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., fyrir hönd A, kt. 000000-0000, gerð krafa um „miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000.-, auk vaxta skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 13. ágúst 2011 þar til mánuður er liðinn frá því sakborningi var kynnt bótakrafa þessi, en dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags sbr. 9. gr. sömu laga“. Þá er krafist greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Ákærvaldið hefur fallið frá því atriði í ákærulið I.2 að ákærði hafi gripið í handlegg A svo að hún hafi hlotið mar og yfirborðsáverka á handlegg. Þá hefur verið fallið frá II. kafla ákærunnar.

Ákærði neitar sök. Af hálfu verjanda er þess krafist að ákærði verði sýknaður af kröfu ákærvaldsins og bótakröfu brotaþola verði vísað frá dómi. Þá er þess krafist að sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Til vara er krafist vægustu refsingar er lög leyfa.

Hinn 15. október 2012 var lagður dómur á málið en honum var síðan áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti dóminn 12. september 2013 og vísaði honum heim í hérað til löglegrar meðferðar, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 716/2012. Í framhaldinu var boðað til fyrirtöku í málinu og síðar nýrrar aðalmeðferðar. Var málið síðan dómtekið 15. nóvember sl.

Málavextir

Ákæruliður I.1

Samkvæmt dagbók lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu var það kl. 10:56 sunnudagsmorguninn 21. nóvember 2010 að tilkynnt var um það til lögreglunnar að maður í [...] væri þar að berja konu sína. Fram kemur að þegar lögregla hafi komið á vettvang hafi ákærði verið þar úti fyrir en brotaþoli, A, hafi verið inni í íbúð sinni. Segir í færslunni að blóð hafi verið á gólfi og nokkur glerlát hafi verið brotin. Þá hafi sést lítillaga á brotaþola og hafi hún verið ölvuð. Einnig kemur fram í dagbók lögreglu að fyrr þennan sama morgun hafi lögregla einnig þurft að hafa afskipti af ákærðu og brotaþola þar sem þeim hafi lent saman en tölva brotaþola hafi komið þar við sögu.

Brotaþoli gaf skýrslu í málinu hjá lögreglu 23. ágúst 2011 og var skýrslan hljóðrituð. Um atburði að morgni dags 21. nóvember 2010 sagði brotaþoli að hún hefði verið sofandi þann morgun en vaknað við það að ákærði hefði verið að berja í sig og hrísta sig til. Síðar sama morgun hefðu þau tekist á um fartölvu sem ákærði hefði ætlað að taka af heimilinu. Þá hefði ákærði tekið í brotaþola og kýlt fimm eða sex högg í andlitið svo hún marðist og fékk blóðnasir. Einnig hefði hann kastað henni á borð þannig að brotaþoli hefði lent á bakinu.

Ákærði var yfirheyrður um þetta sakarefni hjá lögreglu 3. nóvember 2011 og var skýrslan hljóðrituð. Neitaði hann því að hafa veitt brotapolu þessa áverka og kvaðst ekki vita hvernig hún hefði hlotið þá. Hann kvaðst muna eftir því að þau hefði greint á um tölvu um haustið. Hefðu þau togast á um tölvuna, sem síðan hefði skemmst.

Ákæruliður I.2

Laugardaginn 13. ágúst 2011 var lögregla enn á ný kölluð að heimili brotapolu. Í skýrslu Hilmis Þórs Kolbeinssonar, lögreglumanns, segir að brotapolu hafi lýst því að hún hafi orðið fyrir ofbeldi af hálfu ákærða. Sjáanlegir áverkar hafi verið í andliti og á hægri hendi brotapolu.

Brotapoli gaf skýrslu um þetta sakarefni hjá lögreglu 23. ágúst 2011 og var skýrslan hljóðrituð. Fram kom hjá brotapolu að ákærði hefði heimsótt hana að kvöldi 12. ágúst 2011 og fengið að gista á sófanum hjá henni. Fyrir um kvöldið hefðu ákærði, brotapoli og börn hennar snætt saman. Brotapoli hefði vaknað snemma næsta morgun og farið í sturtu en að því loknu orðið vör við að ákærði hefði verið búinn að klippa brjóstahaldarann hennar í sundur. Hún hefði spurt ákærða af hverju hann hefði gert þetta, en hann hefði svarað því til að honum hefði þótt hún tala niður til sín kvöldið áður. Þau hefðu síðan rifist og í framhaldinu hefði ákærði rokið inn í fataherbergi brotapolu og byrjað að rífa niður kjólana hennar. Brotapoli hefði þá reynt að stöðva ákærða, en hann hefði þá „tuskað“ hana til. Hann hefði síðan farið inn á baðherbergi til að setja föt brotapolu ofan í salernið. Brotapoli hefði krafist þess að ákærði færi út úr íbúðinni og tekið upp skæri sér til varnar. Hefði hún sagt ákærða að hún væri hrædd við hann. Þá hefði hann slegið í hönd hennar þannig að skærin hefðu flogið á gólf. Síðan hefði hann „bara buffað“ hana. Myndi hún eftir því að það hefði tekið að blæða verulega úr nefi sínu en þá hefði ákærði hlaupið út.

Ákærði var yfirheyrður um þetta sakarefni hjá lögreglu 3. nóvember 2011 og var skýrslan hljóðrituð. Viðurkenndi hann að hafa slegið brotapolu eitt högg í andlitið á heimili hennar 13. ágúst sama ár. Hefði hann séð að samstundis tók að blæða úr nefi brotapolu. Hann hefði misst stjórn á skapi sínu eitt augnablik og kom fram í máli hans að hann iðraðist gjörða sinna. Hann neitaði þó að hafa veist að brotapolu að fyrra bragði og sagði hana hafa ráðist á sig með skæri á lofti. Hann hefði síðan slegið hana í andlitið.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð Elísabetar Benedikz, yfirlæknis á bráðadeild Landspítala, en hún meðhöndlaði brotapolu vegna áverka bæði 21. nóvember 2010, sbr. ákærulið I.1, og 13. ágúst 2011, sbr. ákærulið I.2. Um fyrri komuna segir að brotapoli hafi leitað á bráðadeild um kl. 14:50. Brotapoli hafi lýst því að sambýlismaður hennar hafi ætlað að taka tölvu úr íbúðinni en hún reynt að hindra það. Hafi þá komið til rifrildis milli þeirra sem endað hafi með því að sambýlismaðurinn hafi slegið hana í andlit og sparkað í bakið á henni. Í læknisvottorðinu kemur fram að brotapoli hafi verið með áverka í andliti og mar á baki. Hún hafi verið með bólgu og sár á vörum. Ekki hafi verið áverki á tönnum og ekki þurft að sauma skurði á vörum. Á hrygg hafi sést 5 cm marblettur hægra megin á lendhryggnum. Brotapoli hafi verið í miklu uppnámi og því verið vísað til skoðunar hjá áfallahjálparteymi á göngudeild.

Um komu brotþola 13. ágúst 2011 segir meðal annars í læknisvottorðinu að brotþoli hafi komið á spítalann um kl. 14:00 þann dag. Hún hafi lýst því að hún hafi nýlega slitið sambandi við sambýlismann sinn. Fljótlega eftir það hafi hún komist að því að hún væri barnshafandi eftir manninn. Hann hafi heimsótt hana kvöldið fyrir komuna á spítalann og varið kvöldinu með henni og börnum hennar. Síðan hafi hann gist á sófanum hennar um nóttina. Morguninn eftir hafi brotþoli uppgötvað að maðurinn hafi klippt í sundur brjóstahaldara hennar sem hafi verið inni á baðherbergi. Hafi það orðið kveikja að rifrildi milli þeirra. Hafi maðurinn vaðið um íbúðina og síðan ruðst inn í fataskáp brotþola, hent fötunum hennar út og rifið þau og slitið. Við það hafi hún reiðst mjög og hafi samskipti þeirra endað á því að hann hafi kýlt hana þungu höggi í andlitið. Um skoðun á brotþola segir í læknisvottorðinu að á andliti brotþola hafi sést töluvert „haemotoma“ eða bólga á miðju enninu rétt ofan við nefrótina. Brotþoli hafi verið með skurð á nefi og kinnbeini. Sneiðmynd af andlitsbeinum hafi staðfest grun læknisins um brot í nefi. Brotþoli hafi eftir þessa komu reynst vera með lítið tilfært nefbeinabrot vinstra megin án teljandi skekkju á miðsnesi. Gert hafi verið að skurði á nefi og kinnbeinum.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins. Um ákærulið I.1 sagði ákærði að umræddan morgun árið 2010 hefði hann líklega verið undir áhrifum fíkniefna. Hann neitaði að hafa slegið brotþola. Þau hefðu tekist á um fartölvu, en ágreiningur hefði verið um eignarhald á henni. Þeim átökum hefði lyktað þannig að brotþoli hefði fallið við og lent með bak eða síðu á borði. Ákærði kannaðist ekki við að hafa séð áverka á brotþola í framhaldinu.

Um ákærulið I.2 sagði ákærði að 13. ágúst 2011 hefði brotþoli í framhaldi af rifrildi þeirra veist að sér með skærum. Tildrög rifrildisins hefðu verið þau að ákærði klippti sundur brjóstahaldara brotþola kvöldið áður. Hann viðurkenndi að hafa slegið hana eitt högg í andlitið. Hann hefði séð að það blæddi úr nefi brotþola. Það hefði ekki verið ásetningur sinn að vinna brotþola mein, heldur hefði verið um sjálfsvörn að ræða. Hann viðurkenndi þó að hafa „misst sig, séð svart“. Aðspurður hvort hann drægi í efa að afleiðing höggsins hefði verið nefbrot brotþola svaraði ákærði því til að um það efaðist hann ekki. Um ástand sitt á þeim tíma sagði ákærði að hann hefði ekki verið undir áhrifum en brotþoli hefði verið ölvuð. Eitt barn hefði verið á heimilinu þegar þessi atvik hefðu átt sér stað.

Brotþoli, A, gaf skýrslu fyrir dómi við meðferð málsins. Um ákærulið I.1 sagði hún að ákærði hefði reiðst aðfaranótt 21. nóvember 2010 þegar hringt hefði verið í hana úr ókunnu númeri. Hefði ákærði vakið hana með látum út af þessu og hrist hana til í rúminu. Í framhaldinu hefðu verið „læti“. Síðan hefði hafist ágreiningur vegna þess að ákærði hefði ætlað að taka fartölvu brotþola með sér úr íbúðinni. Hún hefði reynt að ná tölvunni af honum. Tölvun hefði endað á gólfinu og ákærði hefði þá kýlt hana fimm sinnum og hent henni niður. Við það hefðu blómapottur og vasi brotnað. Aðspurður hvort brotþoli hefði fallið á eitthvað svaraði hún að borð hefði verið þar sem hún féll. Þá hefði ákærði sparkað í bakið á henni. Í kjölfarið hefði hún verið marin á höku og baki auk þess sem hún hefði verið með sprungna vör. Um ástand sitt og ákærða sagði hún að þau hefðu bæði verið búin að drekka nokkra bjóra fyrr um kvöldið. Að lokum benti brotþoli á að langt væri liðið

frá því að atvik málsins hefðu átt sér stað og því væri erfitt að rifja þetta allt nákvæmlega upp.

Um ákærulið I.2 skýrði brotþoli svo frá fyrir dómi að hún hefði verið ófrísk eftir ákærða, en þau hefðu verið hætt saman. Ákærði hefði komið í heimsókn föstudagskvöldið 12. ágúst 2011. Þau hefðu ekki neytt áfengis. Morguninn eftir hefði hún orðið þess vör að brjóstahaldari hennar hefði verið klipptur í sundur. Hefði ákærði viðurkennt að hafa átt sök á því. Hún hefði þá vísað honum á dyr, en hann neitað að fara fyrr en hann fengi poka með fötum sem hefðu verið í hans eigu. Hann hefði gengið að fataskáp brotþola. Hún hefði ítrekað beðið ákærða að yfirgefa heimilið. Brotþoli viðurkenndi að hafa gripið til föndurskæra og síðar annarra skæra. Hún hefði hins vegar ekki ógnað ákærða með þeim heldur hefði hún hugsað sér að verja sig ef þörf krefði. Ákærði hefði þá slegið hana í framan. Henni hefði sortnað fyrir augum, blætt og síðan hefði hún séð stóra kúlu á enninu á sér þegar henni hefði stuttu síðar verið litið í spegil. Þá hefði ákærði hins vegar verið hlaupinn út. Brotþoli hefði þá verið ein eftir með einu barna sinna. Um ástand sitt sagði brotþoli að hún hefði verið edrú, enda hefðu hún og ákærði ekki farið út að skemmta sér kvöldið áður.

Við meðferð málsins fyrir dómi gaf Elísabet Benedikz, yfirlæknir á bráðadeild Landspítala, skýrslu, staðfesti læknisvottorð sitt og svaraði spurningum um efni þess. Varðandi áverka á andliti brotþola við fyrri komu hennar, sbr. ákærulið I.1, lýsti Elísabet því að þeir gætu samrýmst því að brotþoli hefði fengið högg á munninn.

Gísli Jökull Gíslason, lögreglumaður, var einn þeirra sem kvaddir voru að heimili brotþola 21. nóvember 2010, sbr. ákærulið I.1. Skýrði hann frá því fyrir dómi að ákærði og brotþoli hefðu bæði verið á staðnum og hefðu þau borið þess merki að vera í annarlegu ástandi. Ummerki hefðu verið um stimpingar í íbúðinni. Í dagbók lögreglu frá umræddum degi hefur Gísli ritað að lítillega hafi séð á brotþola en blóð hafi verið á gólfi og búið að brjóta nokkur glerlát. Aðspurður fyrir dómi gat Gísli hins vegar ekki rifjað upp áverka á brotþola og benti hann í því samhengi á að um þrjú ár væru liðin frá þessum atburðum.

Hilmir Þór Kolbeinsson, lögreglumaður, var einn þeirra sem kvaddir voru að heimili brotþola 13. ágúst 2011, sbr. ákærulið I.2. Hann skýrði frá því að við komu lögreglu hefði brotþoli verið bólgin í andliti. Fram hefði komið af hálfu hennar að hún hefði átt í rífrildi við ákærða sem hefði stigmagnast. Brotþoli hefði sagt að hún hefði hvorki beitt umræddum skærum gegn ákærða umrætt sinn né notað þau til að ógna honum. Hilmir staðfesti loks lögregluskýrslu sem hann ritaði 13. ágúst 2011 í tengslum við málið.

Guðbrandur Reynisson, lögreglumaður, sinnti útkalli 13. ágúst 2011 vegna heimilisófriðar hjá brotþola, sbr. ákærulið I.2. Lýsti Guðbrandur því fyrir dómi að hann hefði tekið ákærða upp í lögreglubifreið sína og rætt við hann. Ákærði hefði lýst því að einhver handalögmál hefðu átt sér stað milli sín og fyrrverandi sambýliskonu sinnar, en ekki sagt neitt nánar frá því. Guðbrandur hefði orðið þess var að ákærði hefði verið með áverka á hægri hönd, „smávægilega einhverja rispu eða einhvern smá skurð“ annaðhvort í lófa eða á fingrum. Hefði Guðbrandur orðið var við blóð í sárinu, en það hefði verið farið að storkna. Hefðu lögreglumennirnir ekki metið þetta sem slíkt sár að ákærði þyrfti að leita sér lækniástoðar.

Aðspurður um sárið hefði ákærði svarað því til að hann hefði reynt að slá skæri úr höndum fyrrverandi sambýliskonu sinnar. Ákærði hefði þó ekki nefnt neina ógnun af hálfu fyrrverandi sambýliskonu sinnar eða skýrt ástæðu þess af hverju hann sló skærin úr höndum hennar.

Niðurstaða

Ákæruliður I.1

Fyrir liggur að lögregla var tvisvar sinnum kölluð að heimili brotaþola 21. nóvember 2010 vegna heimilisófriðar þar sem ákærði kom við sögu. Í dagbókarfærslu lögreglu kemur fram að við seinni komu lögreglu hafi sést á brotaþola og blóð verið á gólfi. Reyndar gat lögreglumaðurinn Gísli Jökull Gíslason, sem skráði dagbókarfærsluna, ekki rifjað upp fyrir dómi áverka á brotaþola, en benti á að um þrjú ár væru liðin frá atvikinu og því ætti hann erfitt með að muna þetta nákvæmlega. Bar hann þó að ummerki hefðu verið um stimpingar í íbúðinni. Ákærði neitar sök vegna þessa ákæruliðar. Á hinn bóginn hefur brotaþoli verið stöðug í frásögn sinni af atvikinu og er framburður hennar í samræmi við annað sem komið hefur fram í málinu, einkum framburð Gísla Jökuls Gíslasonar og vottorð Elísabetar Benedikz, yfirlæknis, en hvort tveggja rennir frekari stoðum undir framburð brotaþola. Samkvæmt þessu er sannað að ákærði hafi veist að brotaþola og veitt henni þá áverka sem greinir í ákæru. Hefur ákærði með þessu athæfi orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður I.2

Hafa ber í huga að ákærvaldið hefur fallið frá þeim hluta ákæruliðar I.2 þar sem því var haldið fram að ákærði hefði gripið í handlegg brotaþola. Eftir stendur hins vegar sá hluti ákæruliðarins um að ákærði hafi slegið brotaþola í andlit og enni, með þeim afleiðingum að hún hafi hlotið nefbeinabrot, skurð á nefi og kinnbeini. Ákærði neitar sök vegna þessa ákæruliðar en hefur viðurkennt að hafa „misst sig“ og slegið brotaþola einu höggi í andlitið. Þrætir hann ekki fyrir að höggið hafi lent á nefi brotaþola og aðspurður fyrir dómi dró hann ekki í efa að afleiðing höggsins hefði verið nefbrot. Að þessu virtu en að öðru leyti með vísan til annarra gagna málsins, einkum staðfests læknisvottorðs Elísabetar Benedikz, og loks til trúverðugs framburðar brotaþola er sannað að ákærði hafi framið þann verknað sem lýst er í ákærulið I.2 og þar er rétt heimfærður til refsíákvæðis.

Ákærði hefur borið því við að háttsemi hans umrætt sinn hafi verið neyðarvörn í skilningi 12. gr. almennra hegningarlaga og sé honum því refsilaus. Þótt telja megi sennilegt að ákærði hafi hlotið smávægilegan skurð á hendi er hann sló umrædd skæri úr höndum brotaþola verður ekki fallist á að 12. gr. almennra hegningarlaga eigi við um atvik málsins, enda verður hvorki séð að brotaþoli hafi veist að ákærða með skærunum né að nokkurt tilefni hafi verið til hnefahöggsins sem hann veitti brotaþola í beinu framhaldi af því að hafa slegið skærin úr höndum hennar. Þá hefur ákærði viðurkennt fyrir dómi að hafa „misst sig, séð svart“, en við skýrslutöku hjá lögreglu lýsti hann því áður að hann hefði misst stjórn á skapi sínu umrætt sinn. Að öllu framangreindu virtu verður því jafnframt hafnað að 3. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga geti átt við í málinu ákærða til hagsbóta.

Ákærði á að baki þó nokkurn brotaferil allt frá árinu 1997. Hefur hann hlotið samtals tíu dóma, ýmist fyrir umferðar-, fíkniefna- eða hegningarlaga brot. Þá hefur hann þrisvar sinnum gengist undir lögreglustjórasátt fyrir umferðarlaga brot, einu sinni fyrir þjófnað og einu sinni fyrir fíkniefnalaga brot. Ákærði hlaut síðast dóm í apríl sl. en þá var hann dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir umferðarlaga brot og brot gegn 148. gr. almennra hegningarlaga. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir framdi hann fyrir uppkvaðningu fyrrnefnds dóms. Verður ákærða því nú dæmdur hegningarauki, sbr. 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar verður ekki fram hjá því litið að þegar ákærði framdi seinna brot sitt var honum kunnugt um að brotaþoli bar barn undir belti, sbr. 1. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þá var annað barna brotaþola viðstatt á heimilinu umrætt sinn. Loks þykir 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga mæla með þyngingu refsingar. Á hinn bóginn verður að líta til þess langa tíma sem liðið hefur frá því að atvik málsins áttu sér stað, en um það er ekki við ákærða að sakast. Þá bera gögn málsins loks með sér að ákærði hafi nú náð einhverjum tókum á vímuefnafíkn sinni. Að öllu þessu virtu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði.

Af hálfu brotaþola hefur verið gerð sú krafa vegna ákæruliðar I.2 að ákærði greiði henni 1.500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2011, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá 17. maí 2012 til greiðsludags. Með broti því sem ákærði er sakfelldur fyrir samkvæmt ákærulið I.2 hefur hann bakað sér bótaábyrgð gagnvart brotaþola, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Miski brotaþola þykir hæfilega metinn 400.000 krónur og ber að dæma ákærða til þess að greiða henni þá fjárhæð í miskabætur ásamt vöxtum eins og nánar greinir í dómsorði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar hdl., 363.950 krónur, og þóknun réttargæslumanns, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 125.500 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmanna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Annan sakarkostnað, 34.500 krónur, ber að dæma ákærða til þess að greiða.

Arnaldur Hjartarson, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Björn Rúnar Guðmundsson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði greiði A 400.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2011 til 17. maí 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Ómars Arnar Bjarnþórssonar hdl., 363.950 krónur, þóknun réttargæslumanns brotaþola, Guðrúnar Sesselju Arnardóttur hrl., 125.500 krónur, og greiði jafnframt 34.500

krónur í annan sakarkostnað.

Arnaldur Hjartarson